

Fimmtudaginn 19. mars 1998.

Nr. 455/1997.

Ákærvaldið

(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)

gegn

Árna Kjartani Þórði Jónassyni

(Jón Magnússon hrl.)

Fjársvik. Skilasvik. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og einnig af hálfu ákærvalds með stefnu 30. október 1997. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara, að sér verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfi, og hún bundin skilorði. Verði sakarkostnaður ekki felldur á ríkissjóð, krefst ákærði þess, að mælt verði fyrir um, að hann verði ekki endurkrafinn um sakarkostnað.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði, en með vísan til þess, sem segir í forsendum héraðsdóms, eru ekki efni til að verða við fyrrgreindri kröfu ákærða varðandi sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Ákærði, Árni Kjartan Þórður Jónasson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 60.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Magnússonar hæstaréttarlögmanns, 60.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 13. október 1997.

Ríkissaksóknari gaf út ákæru í máli þessu 29. apríl 1997, og var málið höfðað með birtingu hennar fyrir ákærða 13. maí. Það var þingfest 21. maí,

en frestað nokkrum sinnum til gagnaöflunar, og tekið var það til dóms að lokinni aðalmeðferð 22. september sl.

Ákærður er Árni Kjartan Þórður Jónasson, kt. 090347-2929, Melbraut 10, Garði, „fyrir fjársvik og skilasvik, svo sem rakið verður, með því sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri hlutafélagsins Hafalds hf., kennitala 540891-1099, Garði, og gegn betri vitund að hagnýta sér og félaginu í auðgunarskyni á árunum 1993 og 1994 og veðhöfum til tjóns þau mistök, er urðu hjá sýslumannsembættinu í Keflavík við endurritun á veðbandaspjaldi í marsmánuði 1993 og síðar á veðbókarvottorðum fyrir bát félagsins, mb. Ásberg, KE-111, skipaskrárnúmer 1939, að skuldabréfs á 1. veðrétti, að fjárhæð 7.000.000 kr., sem gefið var út 2. júlí 1990 til Féfangs hf. og hafði verið yfirtekið af Hafaldi hf. við kaup á bátnum 1991, var eftir það og fram til desember 1994 hvorki getið á út gefnum veðbókarvottorðum né við þinglýsingar nýrra veðskjala.

1. Fyrir fjársvik með því gegn framvísun veðbókarvottorðs, sem gefið var út 4. maí 1993, þar sem einungis var getið 500.000 kr. veðskuldar á 1. veðrétti, að afla sér og félaginu hjá Landsbanka Íslands í Sandgerði láns, að fjárhæð 1.900.000 kr., samkvæmt veðbréfi, út gefnu 6. maí 1993, og jafnframt að fá sama banka til þess að samþykkja samkvæmt veðflutningsskjali, dagsettu 28. júlí 1993, veðflutning á 3. veðrétt bátsins á eftirstöðvum 1.717.000 af 2.500.000 kr. skuldabréfi, út gefnu af ákærða, en hvort tveggja gerði bankinn á þeirri forsendu, að áhvílandi veðskuldir væru ekki aðrar en greindi á veðbókarvottorði, fram lögðu af ákærða. Við úthlutun á söluverði bátsins eftir nauðungarsölu hans 11. janúar 1995 fékk Landsbanki Íslands ekkert greitt af eftirstöðvum framangreindra veðkrafna, sem þá námu samtals 2.719.996 krónum.

2. Fyrir skilasvik með því að selja í október 1994 allar aflahlutdeildir bátsins, taldar að verðmæti a. m. k. 5.800.000 kr., sem Fiskistofa þá heimilaði að fengnu samþykki veðhafa samkvæmt veðbókarvottorði, dagsettu 14. október 1994, og fylgdi beiðni félagsins, dagsettri 5. s. m., en án þess þá að leita samþykkis Féfangs hf. til flutnings þeirra af bátnum. Af söluandvirði bátsins, 5.200.000 kr., við nauðungarsölu 11. janúar 1995 komu 3.821.956 kr. í hlut Glitnis-Féfangs hf.

Brot ákærða, sem í 1. tl. getur, telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot ákærða í 2. tl. telst varða við 2. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Glitnir-Féfang hf., kennitala 511185-0259, Reykjavík, krefst úr hendi ákærða skaðabóta, 3.719.747 kr., ásamt dráttarvöxtum samkv. III. kafla

vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 30. mars 1995 til greiðsludags.“

Svo segir í ákæruskjali.

Við aðalmeðferð krafðist sækjandi málsins þess, að ákærði yrði dæmdur til að greiða allan sakarkostnað, þ. m. t. saksóknarlaun í ríkissjóð.

Við aðalmeðferð krafðist skipaður verjandi ákærða þess 1) aðallega, að ákærði yrði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins og allur sakarkostnaður, þ. m. t. málflutningsþóknun skipaðs verjanda ákærða, yrði felldur á ríkissjóð.

2) Til vara, að ákærði yrði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfðu, og yrði hún algerlega bundin skilorði. Allur sakarkostnaður, þ. m. t. málflutningsþóknun skipaðs verjanda ákærða, yrði felldur á ríkissjóð.

3) Til þrautavara, að ákærði yrði ekki endurkrafinn um sakarkostnað, ef hann yrði ekki felldur á ríkissjóð, með vísan til c-liðar 3. mgr. 6. gr. laga nr. 62/1994.

Málavextir.

2. júlí 1990 veðsetti Guðmundur Örn Einarsson bát sinn, Snærúnu, SH-101, skipaskrárnúmer 1939 (síðar Ásberg, KE-111, og enn síðar Katrín, KE-98), Féfangi hf. með 1. veðrétti fyrir skuldabréfi, að fjárhæð 7.000.000 kr. Með kaupsamningi, dags. 8. mars 1991, seldi Guðmundur Örn ákærða bátinn. Kaupverðið var 8,3 millj. króna, og var það að mestum hluta greitt með yfirtöku veðskuldarinnar á 1. veðrétti í eigu Féfangs hf., að eftirstöðvum 7.677.465 kr., en að öðru leyti með yfirtöku viðskiptaskuldar við sama félag. Fyrir liggur í málinu „Yfirlýsing“, undirrituð af ákærða og prókúruhafa Féfangs hf., þar sem félagið samþykkir skuldskeytinguna. Segir í henni, að skuldabréfið sé nú að eftirstöðvum 7.000.000 kr. miðað við nafnverð og greiðist nú með 21 afborgun á fjögurra mánaða fresti, næsti gjalddagi 10. júlí 1991. Ekki sést af gögnum máls, að gefið hafi verið út afsal til ákærða, en fyrir liggur í málinu afsal Guðmundar Arnar til Hafalds hf. með sama heimilisfangi og ákærða, dags. 28. ágúst 1991, og er svo að sjá, að það afsal sé beint framhald kaupsamningsins frá 8. mars 1991. Í afsalinu er kaupverðið tilgreint 8,3 millj. króna og að á 1. veðrétti hvíli veð Féfangs, upphaflega að fjárhæð 7 millj. kr. Undir afsalið rita fyrir hönd Hafalds hf. ákærði og sonur hans, Jónas Frímann, og dóttir hans, Elenóra Katrín.

Hafald hf. var í eigu fjölskyldu ákærða. Hann var framkvæmdastjóri og prókúruhafi, og í stjórn sátu með honum sonur hans, Jónas Frímann, og dóttir hans, Elenóra Katrín. Að sögn ákærða keypti Hafald hf. tvo báta af honum persónulega, Ásberg, KE-111, og Sævar, GK-44. Félagið gerði Ás-

berg út, segir hann, en ekki Sævar, sem seldur var á uppboði í júní eða júlí 1993.

Við endurritun þinglýsingarvottorðs hjá sýslumanninum í Keflavík 4. mars 1993 og færslu á veðbandaspjald voru þau mistök gerð, að niður féll skráning af framangreindu skuldabréfi Féfangs hf. Voru eftir það gefin út veðbókarvottorð fyrir bátinn Ásberg, KE-111, þar sem veðskuldarinnar við Féfang hf. var ekki getið. Fyrst var veðbókarvottorð gefið út 4. maí 1993. Samkvæmt því hvíldu ekki aðrar veðskuldir á bátnum en 500.000 króna skuldabréf til handhafa á 1. veðrétti. Mistökin voru ekki leiðrétt fyrir en 6. desember 1994.

6. maí 1993 gefur Hafald hf. út veðskuldabréf til Landsbanka Íslands, útibúsins Sandgerði, að fjárhæð 1.900.000 kr., til fjögurra ára með veði í bátnum Ásbergi, KE-111. Fyrir hönd Hafalds hf. undirrita skuldabréfið ákærði og eiginkona hans, Birna Margeirsdóttir, og dóttir hans, Elenóra. Við samningsgerðina lá frammi rangt veðbókarvottorð, þar sem einungis var getið 500.000 króna handhafaskuldabréfs á 1. veðrétti. Er þess getið í veðskuldabréfinu, sem var tryggt með 2. veðrétti á eftir handhafabréfinu með uppfærslurétti.

28. júlí 1993 samdi Hafald hf. við Landsbanka Íslands, Sandgerði, um að flytja veðskuld af bátnum Sævari, GK-44, samkv. veðskuldabréfi, út gefnu 16. ágúst 1990 af ákærða, upphaflega að fjárhæð 2.500.000 kr., yfir á Ásberg, KE-111. Eftirstöðvar skuldarinnar voru 1.717.000 kr. og voru samkv. veðflutningsskjalinu tryggðar með 3. veðrétti og uppfærslurétti í Ásbergi, KE-111, næst á eftir 500.000 kr. handhafaskuldabréfi á 1. veðrétti og fyrrgreindu skuldabréfi Landsbanka Íslands á 2. veðrétti, 1.900.000 kr. Undir veðflutningsskjalið rita fyrir hönd Hafalds hf. ákærði, dóttir hans, Elenóra, og sonur hans, Jónas. Í veðflutningssamningi er veðskuldarinnar við Féfang hf. ekki getið.

Útgerð Ásbergs, KE-111, var í molum árið 1994. Í janúar bilaði aðalvél bátsins svo alvarlega, að skipta þurfti um hana. Að sögn ákærða gekk treglega að fá lánaþyrngreiðslu til þess, og var ekki skipt um vél, fyrir en komið var fram á haust.

5. október 1994 ritar ákærði ásamt börnum sínum tveimur, Jónasi og Elenóru, undir beiðni til Fiskistofu um framsal aflahlutdeildar bátsins Ásbergs, KE-111, til bátsins Gunnars Nielssonar, EA-555 (skipaskrárn. 1938), sem var í eigu Gunnars Nielssonar sf., Hauganesi við Eyjafjörð. Á eyðublaðið fyrir beiðnina er letrað, að fylgiskjöl með henni eigi að vera: 1) nýtt veðbókarvottorð (ekki eldra en 30 daga) fyrir skip, sem flutt er frá, og 2) skriflegt samþykki þeirra aðila, sem veð áttu í skipinu 1. janúar 1991. Sam-

þykkis Féfangs hf. var ekki leitað fyrir framsalið, enda veðskuldar Hafalds hf. við Féfang hf., hvílandi á 1. veðrétti á bátnum, ekki getið í því veðbókarvottorði, sem til grundvallar lá framsalínu, en það var út gefið 14. október 1994. Hinn 20. sama mán. staðfesti Fiskistofa framsal aflahlutdeildarinnar.

Sala aflaheimildanna fór fram fyrir milligöngu Kvótabankans. Frammi liggur í málinu ljósrit giróseðils, sem sýnir, að 18. október 1994 greiðir Gunnar Níelsson sf. Kvótabankanum 5.778.000 kr. vegna kvótakaupa. Einnig liggur frammi útskrift svokallaðrar skjálínu Íslandsbanka, og kemur þar fram, að sama dag, 18. október, hefur Kvótabankinn greitt Landsbanka Íslands vegna sölu á kvóta Ásbergs, KE-111, 3.300.000 kr. og inn á reikning í eigu Birnu Margeirsdóttur, eiginkonu ákærða, 2.300.000 kr., samtals 5.600.000 kr.

11. janúar 1995 var báturinn Katrín, GK-98, áður Ásberg, KE-111 (skipaskránr. 1939), seldur lokanaðungarsölu. Söluverðið var 5.200.000 kr., hæstbjóðandi Elenóra Katrín, dóttir ákærða, og var henni sleginn báturinn. Lögmaður Féfangs hf. sendi sýslumanninum í Keflavík nauðungarsölubeiðni, dags. 6. september 1994. Krafa félagsins á hendur Hafaldi hf. vegna vanskila skuldabréfsins á 1. veðrétti nam þá 7.324.019 kr. Samkvæmt fram lögðu yfirliti yfir úthlutun uppboðsandvirðis fékk Féfang hf. úthlutað upp í kröfu sína 3.821.956 kr. Ekkert kom upp í kröfur Landsbanka Íslands vegna skuldabréfanna tveggja, upphaflega að fjárhæð 1.900.000 kr. og 2.500.000 kr., sbr. hér að framan. Samkvæmt fram lagðri kröfulýsingu námu kröfur bankans samtals, eftirstöðvar og vanskil, en án innheimtukostnaðar og virðisaukaskatts, 2.719.996 kr. Sýnt er, að Landsbankinn hefði fengið greidda þessa fjárhæð, ef ekki hefði komið til krafa Féfangs hf. vegna skuldabréfs á 1. veðrétti.

Hæstbjóðandi við nauðungarsöluna, Elenóra Katrín Árnadóttir, fram-seldi boð sitt til Nesfisks hf., og var því hlutafélagi afsalaður báturinn. Nesfiskur hf. fékk styrk úr Þróunarsjóði sjávarútvegsins, að fjárhæð 6.410.000 kr., til úreldingar bátsins, og 3. mars 1995 hefur báturinn verið tekinn af aðalskipaskrá og brotinn í spón. Upplýst er, að svo samdist með hæstbjóðanda, Elenóru, og Nesfiski hf., að hún fengi að hirða vélina úr bátnum. Að sögn ákærða var hún um einnar milljónar króna virði.

Skýrslur fyrir lögreglu og fyrir dómi.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins 20. nóvember 1996 og við aðalmeðferð fyrir dómi. Í bæði skiptin var hann spurður um samning hans vegna Hafalds hf. við Landsbanka Íslands, Sandgerði, um skuldabréflánið, að fjárhæð 1.900.000 kr. Í skýrslu hans fyrir lögreglu er

þetta skráð: „Árni er beðinn að gera grein fyrir ástæðu þess, að þetta ranga veðbókarvottorð var lagt fram með lánsumsókninni, og spurður, hvort honum hafi ekki verið kunnugt, að lánið á 1. veðrétti hafði fallið út.

Hann segist tvisvar hafa farið á skrifstofu sýslumannsins í Keflavík og spurt þar starfsstúlku í þinglýsingadeild, hvort veðbókarvottorð Ásbergs, KE-111 (1939), ætti að vera svona. Hún hafi í bæði skiptin sagt honum, að þetta væru rétt vottorð, svona væri veðmálabók bátsins.

Árni er þá spurður, hvort honum hafi verið kunnugt um, að lánið frá Féfangi hf., að fjárhæð 7 milljónir, var á 1. veðrétti Ásbergs hf. [svo].

„Ég get ekki svarað því öðruvísi en að veðið var á 1. veðrétti, þegar ég keypti bátinn.“

Árni er þá spurður, hvort honum hafi verið kunnugt um, að þetta veð hafi fallið út af veðbókarvottorðinu.

„Nei, mér var ekki kunnugt um það. Ég vissi ekki, hvað var að gerast þarna. Ég þekki ekki þessi þinglýsingarmál og get ekki svarað því öðruvísi.“

Árni er þá spurður, hvort hann hafi bent starfsmanni sýslumanns á, að lán Féfangs hf. á 1. veðrétti væri ekki inni á vottorðinu. Hann er jafnframt spurður, hvort hann hafi haft samband við Féfang hf. vegna þessa.

Hann segist ekki hafa bent á, að veðið vantaði, með öðrum hætti en hann lýsti hér á undan. Hann segist ekki hafa haft samband við Féfang hf. vegna brottfalls veðs þeirra. Árni segist hins vegar hafa bent bókara sínum á þetta og hann sagt Árna að hafa ekki áhyggjur af þessu. Hann bendir einnig á, að útibússtjóra L. Í. í Sandgerði hafi verið fullkunnugt um, að Féfang hf. var með veð á 1. veðrétti Ásbergs, KE, og útibússtjórinn hafi ekki gert athugasemdir við veðbókarvottorðið, þegar það var lagt fram með þessari lánsumsókn.“

Ákærði staðfesti skýrslu sína fyrir lögreglu og fyrir dómi. Þar var framburður hans um þessi atriði mjög á sama veg. Þar kom fram hjá honum, að hann héldi, að Landsbankinn hefði sótt veðbókarvottorðið sjálfur. Hann var spurður, hvort hann hefði vitað af því, að veðbókarvottorðið hefði verið rangt: „Ég komst að því um þetta leyti eitthvað, já. Ég setti ofan í við starfsstúlku sýslumannsembættisins í Keflavík út af þessu máli.“

Varðandi veðflutninginn á veðskuldabréfinu, að fjárhæð 2.500.000 kr., af bátnum Sævari, GK-44, yfir á Ásberg, KE-111, sagði ákærði í skýrslu sinni fyrir lögreglu, að hann minnti, að báturinn Sævi hefði verið á leið í uppboð og útibússtjóri Landsbanka Íslands, Sandgerði, hefði óskað eftir því, að þetta lán yrði flutt yfir á Ásberg. Hann var fyrir dómi spurður, hvort hann hefði vitað, þegar þetta fór fram, að veðbókarvottorðið væri rangt. Ákærði

kvaðst hafa verið búinn að láta konu hjá sýslumanninum í Keflavík vita af því, að veðbókarvottorðið væri rangt.

Ákærði var þá spurður, hvort hann hefði látið Landsbankann vita af þessu. Hann svaraði, að Landsbankinn hefði frá upphafi vitað af þessu, því að hann hefði keypt bátinn í samráði við Landsbankann. Landsbankinn hefði vitað af veði Félags hf. á 1. veðrétti.

Fyrir lögreglu var ákærði spurður, hvort hann staðfesti, að Hafald hf. hefði selt Gunnari Ársælssyni sf. [svo] alla aflahlutdeild Ásbergs, KE-111, fyrir samtals 5.778.000 kr. Í skýrsluna er skráð eftir ákærða:

„Árni segist staðfesta, að Hafald hf. hafi selt Gunnari Níelssyni sf. aflahlutdeild Ásbergs, KE-111 (1939). Hann segir, að Kvótabankinn hafi séð um söluna, Jón Karlsson framkvæmdastjóri hafi verið í samskiptum við kaupanda. Árni segist aldrei hafa vitað nákvæmlega, hvert söluverð kvótans var.

Hann er spurður, hver hafi tekið ákvörðun um að selja aflahlutdeild Katrínar, GK, og hvers vegna það hafi verið gert.

„Ég seldi kvótann að kröfu útibússtjóra L. Í. í Sandgerði, Hjálmars Stefánssonar. Aðdragandi sölunnar hafi verið [svo] sá, að vélin eyðilagðist í Ásbergi, KE, í janúar 1994. Báturinn aflaði því ekki tekna, og skuldir við viðskiptabankann, L. Í. í Sandgerði, hlóðust upp. Bankinn útvegaði síðan bankaábyrgð fyrir nýrri vél, sem Hafald hf. gat ekki heldur greitt. Þegar vanskil við bankann voru komin í rúmlega 3 milljónir, sagði útibússtjórinn mér, að eina leiðin til að bjarga málunum væri sú að selja kvótann af bátinum og gera um leið upp vanskilin. Þetta var síðan gert, og stærstur hluti af andvirði kvótans fór í að greiða niður vanskil við bankann, en afgangurinn fór í að greiða skuld við innflytjanda nýrrar vélar í bátinn svo og að greiða skuld okkar við Slippinn í Reykjavík, þar sem báturinn var í viðgerð.“

Árni er spurður, hvaða veðbókarvottorð hafi verið sent til Fiskistofu, þegar sótt var um flutning aflahlutdeildar Katrínar, GK, á Gunnar Níelsson, EA-555. Hann segist ekki vita það, þar sem hann hafi ekki skipt sér frekar af framkvæmd kvótaflutningsins. Elenóra, dóttir hans, hafi skrifað undir millifærslublað um kvótaflutninginn, af því að hann var úti á sjó, þegar það þurfti að gera.“

Fyrir dómi var ákærði spurður, hvort hann hefði selt aflahlutdeildir Ásbergs, KE-111:

„Ég veit ekki, hvort ég á að orða það svo, að ég hafi gert það. Ég gerði það að kröfu Landsbankans.“ Ákærði sagði, að það eina, sem hann hefði gert, hefði verið að hafa samband við Jón Karlsson hjá Kvótabankanum, og hann hefði m. a. haft samband við Landsbankann.

Ákærði var þá spurður, hvort hann kannaðist við að hafa sjálfur leitað samþykkis Fiskistofu til sölu á aflahlutdeildunum.

„Nei, ég kom ekki nálægt sölu kvótans. Ég fékk bara bréf sent heim, sem við vorum beðin að skrifa undir, þar sem við framseldum kvótann, og það gerðum við.“ Ákærði kannaðist við að hafa undirritað beiðni um framsal aflahlutdeildanna, sagði: „Jón Karlsson sendi okkur þetta á faxi og bað okkur að skrifa undir, og við gerðum það.“ Hann kvaðst hafa vitað nokkrum vikum síðar, hver keypti kvótann. Hann kannaðist við undirskrift sína á fram lagða „Yfirlýsingu vegna kvótasölu“, dags. 19 október 1994, stílaða á Kvótabankann (yfirlýsingin er á bréfsefni Landsbanka Íslands). Þar segir, að vegna kvótasölnunnar, sem Landsbankinn samþykki, hafi orðið að samkomulagi, að ákærði greiddi Landsbankanum af söluandvirðinu 3.300.000 kr. Hann kannaðist einnig við fram lagða skjálínufærslu Íslandsbanka, þar sem fram kemur, að Kvótabankinn hefði greitt vegna sölu á kvóta Ásbergs, KE-111, inn á reikning Landsbanka Íslands 3.300.000 kr. og inn á reikning í eigu Birnu Margeirsdóttur, eiginkonu ákærða, 2.300.000 kr.

Hjálmar Stefánsson, útibússtjóri Landsbanka Íslands, Sandgerði, gaf skýrslu fyrir lögreglu og fyrir dómi. Hann var fyrir lögreglu spurður um skuldabréfið, að fjárhæð 1.900.000 kr. Hann upplýsti með vísan til skjala (fram lagðra í málinu), að samið hefði verið um, að 1,5 millj. af þessu láni færu til greiðslu á víxli, sem var á nafni eiginkonu ákærða, en 350 þúsund áttu að fara í að greiða víxil á nafni Hafalds hf. Hann kvaðst hafa litið á Hafald hf. og fjölskyldu ákærða sem eina heild gagnvart bankanum og því ráðstafað fjármunum Hafalds hf., hvort sem var inn á félagið eða eigendur þess.

Fyrir dómi var vitnið spurt, hvort Landsbankinn hefði aflað veðbókarvottorðsins, sem til grundvallar lá 1.900.000 króna veðláninu. Hann kvað nei við, það hefði eigandi bátsins gert. Það væri ævinlega lántakandinn, sem útvegaði veðbókarvottorð. Hann kvaðst halda, að eitt og sama veðbókarvottorðið hefði verið notað við þessa lántöku og veðflutninginn af Sæva, GK, yfir á Ásberg, KE.

Bæði fyrir dómi og fyrir lögreglu neitaði vitnið því, að honum hefði verið kunnugt um lán Féfangs hf. á 1. veðrétti í Ásbergi, KE-111. Í skýrslunni fyrir lögreglu er þetta haft eftir honum: „Hjálmar segir þetta alrangt. Honum hafi ekki verið kunnugt um þetta, enda hafi hann brugðist við sama dag og honum var fyrst ljóst, að lánið vantaði á 1. veðrétt. Hjálmar segir, að L. Í. hefði aldrei veitt Hafaldi hf. lánið, ef rétt veðbókarvottorð hefði verið lagt fram eða ef Árni hefði gert grein fyrir því, að lánið vantaði inn á 1. veðrétt vottorðsins.“ Fyrir dómi sagði vitnið, að það hefði ekki séð kaupsamninginn um bátinn og ekki haft vitneskju um, með hvaða hætti báturinn hefði verið keyptur eða hvernig greiðslum fyrir hann væri háttað.

Vitnið var fyrir lögreglu spurt, hvort það hefði verið að kröfu þess, að ákærði seldi aflahlutdeild Katrínar, GK-98/Ásbergs, KE-111. „Hjálmar segist ekki hafa gert þessa kröfu. Hann hafi hins vegar þrýst á Árna sem forráðamann Hafalds hf. að gera upp vanskil og skuldir félagsins við L. Í. Árni hafi sjálfur tekið ákvörðun um að selja aflahlutdeild skipsins og nota hluta af andvirði hennar til greiðslu skulda við L. Í.“

Jón Ísfeld Karlsson, framkvæmdastjóri Kvótabankans, kom fyrir dóm sem vitni. Hann sagði aðspurður um veðbókarvottorðið, sem lagt var fram með beiðni Hafalds hf. um framsal aflahlutdeildar Ásbergs, KE-111, að hann myndi ekki, hvort hann hefði útvegað það eða ákærði. Um undirskrift ákærða undir framsalsbeiðnina sagðist hann ekki muna betur en að ákærði hefði ritað undir hana heima hjá sér, Jóni, en síðan farið með blaðið til að fá undirskrift annarra.

Aðrir, sem báru vitni fyrir dómi, voru Davíð Einarsson, löggiltur endurskoðandi hjá Endurskoðunarmiðstöðinni hf., en hann var endurskoðandi og framteljandi ákærða og Hafalds hf., Ólafur Garðarsson hrl., lögmaður Félags-Glitis hf., og Þór Guðmundsson, starfsmaður Fiskistofu.

Forsendur og niðurstöður.

Í máli þessu er í ljós leitt, að atvikalýsingar ákæru eru réttar. Verður nú nánar fjallað um hvorn tölulið ákærunnar fyrir sig.

Um 1. tölulið ákæru.

Með fram lögðum skjölum, framburði ákærða sjálfs og vætti vitnisins Hjálmars Stefánssonar er þetta í ljós leitt:

Ákærði tók f. h. Hafalds hf. 1.900.000 króna lán hjá Landsbanka Íslands, Sandgerði, með útgáfu veðskuldabréfs, út gefins 6. maí 1993, tryggðs með 2. veðrétti í bátnum Ásbergi, KE-111, næst á eftir 500.000 króna handhafa-skuldabréfi á 1. veðrétti. Með veðflutningsskjali, út gefnu 28. júlí 1993, samdi ákærði við sama banka um flutning veðskuldar af bátnum Sæva, GK-44, yfir á bátinn Ásberg, KE-111, upphaflega að fjárhæð 2.500.000 kr., en að eftirstöðvum 1.717.000 kr., þegar veðflutningur fór fram. Forsenda af hálfu bankans fyrir lánveitingunni og veðflutningnum var fram lagt veðbókarvottorð, sem var rangt, þar eð ekki var á því getið um áhvílandi veðskuld Félags hf., að fjárhæð 7.000.000 kr. Dómari telur yfirgnæfandi líkur til þess, að ákærði hafi útvegað veðbókarvottorðið og komið því til bankans. Ákærði vissi, að veðbókarvottorðið var rangt, en hann lét þess ekki getið við samningsaðila sinn, Landsbankann. Ekkert er fram komið í málinu, sem styður þá fullyrðingu ákærða, að Landsbankinn hafi vitað af veðskuld Félags á 1. veðrétti. Við úthlutun uppboðsandvirðis vegna nauð-

ungarsölu á bátnum Ásbergi, KE-111 (þá undir nafninu Katrín, GK-98), kom ekkert upp í kröfu Landsbanka Íslands, að fjárhæð 2.719.996 kr.

Ákærði var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Hafalds hf. Með þeirri háttsemi hans, sem hér er lýst, nýtti hann sér ranga hugmynd útibússtjóra Landsbanka Íslands, Sandgerði, um forsendur lánveitingarinnar og veðflutningsins og gerðist með því sekur um brot á 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem talið er í ákæru. Ákærði framdi brotið í ávinningsskyni fyrir Hafald hf. eða fjölskyldu sína.

Um 2. tölulið ákæru.

Fyrir milligöngu Kvótabankans undirritaði ákærði 5. október 1994 beiðni um framsal aflahlutdeilda Ásbergs, KE-111, yfir á Gunnar Níelsson, EA-555. Beiðninni var beint til Fiskistofu og beiðst samþykkis hennar á flutningnum. Fiskistofa samþykkti framsalið 20. sama mánaðar. Til grundvallar því samþykki lá rangt veðbókarvottorð, þar eð veðskuldarbréfs Féfangs hf. á 1. veðrétti var þar ekki getið. Samþykkis Féfangs hf. við framsalinu var ekki leitað, svo sem skylt var að gera lögum samkvæmt. Ákærði hlaut að vita, að veðbókarvottorð átti að fylgja beiðninni og einnig skriflegt samþykki Féfangs hf., þar sem beiðnin, sem hann undirritaði, bar það með sér. Hann mátti og vita, að veðbókarvottorðið, sem fram var lagt, var rangt. Hann skýrði ekki Kvótabankanum eða Fiskistofu eða Féfangi hf. frá því, að veðbókarvottorðið væri rangt. Hann gerði Féfangi hf. ekki viðvart um sölu aflahlutdeildarinnar.

Í lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sem öðluðust gildi 11. apríl 1990 og komu til framkvæmda 1. janúar 1991, er svohljóðandi bráðabirgða-ákvæði, merkt nr. V: „Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips skv. 6. mgr. 11. gr., án þess að skipið hverfi varanlega úr rekstri og sé afmáð af skipaskrá, nema fyrir liggja samþykki þeirra aðila, sem samningsveð áttu í skipinu, er lög þessi koma til framkvæmda.“ Ákvæði þetta hefur verið ítrekað í reglugerðum, sem settar hafa verið með stoð í lögum þessum, síðast í 9. gr. reglugerðar nr. 414/1997. Svo sem getið var í málavaxtalýsingu hér að framan, var þess getið á því eyðublaði, sem ákærði undirritaði með beiðni um framsal aflahlutdeildarinnar, að beiðninni skyldi fylgja skriflegt samþykki þeirra aðila, sem veð áttu í skipinu, 1. janúar 1991. Var þetta svo skráð að brýnu lagaboði.

Við aðalmeðferð málsins var á það bent af hálfu ákærða, að ákærði hefði keypt bátinn Snærúnu, síðar Ásberg, KE-111, án aflahlutdeilda, en með veiðileyfi. Veðlán Féfangs hf., sem ákærði yfirtók, hefði einungis hvílt á bátnum, en ekki aflahlutdeild, því að hún hefði engin verið. Vitnað var til afsals fyrir bátnum, þar sem fram komi, að einungis báturinn sé veðsettur.

Af þessu leiði, að ákærði hafi ekki getað gerst sekur um skilasvik, og beri að sýkna hann af kröfu ákærvaldsins samkv. 2. tl. ákæru.

Dómari telur, að á þessi rök megi ekki fallast. Þó að báturinn hafi verið án aflahlutdeildar, þegar ákærði eignaðist hann með yfirtöku veðskuldar Féfangs hf., var þó síðar færð aflahlutdeild yfir á skipið, og er rétt að líta svo á, að veðréttur Féfangs hafi náð til þeirra. Með því að ákærði seldi aflahlutdeild bátsins Ásbergs, KE-111, til fjárhagslegs ávinnings Hafaldi hf. og fjölskyldu sinni án þess að leita samþykkis Féfangs braut hann gegn brýnu lagabóði og kom í veg fyrir, að Féfang hf. gæti varið veðrétt sinn. Verknáður ákærða gat ekki samrýmst þeim réttindum, sem veðhafinn, Féfang hf., átti. Með honum gerðist ákærði því sekur um brot á 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákvörðun refsingar.

Ákærði stendur á fimmtugu. Hann hefur samkv. fram lögðu sakavottorði fjórum sinnum sætt refsingu á árunum 1966 til 1970 fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. Koma þau brot ekki til álita hér.

Í máli þessu er ákærði sakfelldur fyrir endurtekin auðgunarbrot, og eru fjárhæðir allháar. Við ákvörðun refsingar ber að hafa hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga.

Verjandi ákærða hélt því fram í málflutningi sínum, að óhæfilegur dráttur hefði orðið í máli þessu bæði á rannsóknar- og ákærustigi. Hinn 24. október 1995 ritaði dómsmálaráðuneytið ríkissaksóknara bréf, þar sem greint var frá því, að ríkislögmaður hefði vakið athygli ráðuneytisins á hugsanlegu refsiverðu atferli forsvarsmanna Hafalds hf. Hinn 30. sama mán. framsendi ríkissaksóknari bréfið Rannsóknarlögreglu ríkisins með ósk um opinbera rannsókn. Rannsókn RLR var umfangsmikil. Rannsóknargögn bárust ríkissaksóknara 18. desember 1996, og var ákæra gefin út 29. apríl sl. Að mati dómara hefur ekki orðið óeðlilegur dráttur á rannsókn máls eða á útgáfu ákæru.

Refsing ákærða þykir dómara hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi. Með tilliti til sakaferils ákærða þykir dómara rétt, að fullnustu þriggja mánaða þeirrar refsingar verði frestað skilorðsbundið í þrjú ár, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Um skaðabótakröfu Glitnis-Féfangs hf.

Með brotum þeim á 248. gr. og 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga, sem ákærði er sakfelldur fyrir, olli hann því með saknæmum hætti, að Glitnir-Féfang hf. fékk ekki við nauðungarsölu á Katrínu, KE-98 (áður Ásbergi, KE-111), greidda veðkröfu sína á 1. veðrétti í bátnum. Tölulega hefur

krafan ekki sætt andmælum, og verður ákærði dæmdur til að greiða hana, eins og krafist er.

Málskostnaður.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hrl., sem skulu vera 80.000 kr. auk virðisaukaskatts, og saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 kr.

Ekki eru efni til að fallast á þrautavarakröfu ákærða, sbr. hæstaréttardóm 25. september 1997 í málinu nr. 136/1997.

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Árni Kjartan Þórður Jónasson, sæti 6 mánaða fangelsi. Fullnustu þriggja mánaða þeirrar refsingar skal fresta, og skal sá hluti refsingarinnar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Glitni-Féfangi hf., kt. 511185-0259, Reykjavík, 3.719.747 kr. ásamt dráttarvöxtum samkv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 30. mars 1995 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hrl., 80.000 kr. auk virðisaukaskatts og 80.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð.
